

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 26. júní, kl. 09:00 var haldinn 1841. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Ástrún Eva Sívertsen, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Kaffi Milanó ehf., kt. 681292-2099, dags. 17. apríl 2025, að loknu auglýsingarferli, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús (Café Milanó) að Faxafeni 11, F2023436, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Lengra ehf., kt. 520517-1700, dags. 28. maí 2025, um starfsleyfi fyrir innflutningi og sölu á forpökkuðum matvælum í vefverslun (Dura). Geymsla matvæla er hjá vöruhúsi með gilt starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Malik ehf., kt. 460525-2680, dags. 25. apríl 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingastofu (Malik Burger, Wraps & Shakes) að Faxafeni 9, F2303576, rými 01 0104. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Grænmeti kemur niðurskorið, kjöt kemur foreldað fyrir utan borgara sem koma frosnir og tilbúnir til eldunar.
- Lögð fram umsókn Malik ehf., kt. 460525-2680, dags. 26. júní 2025, um skráningu á veitingastað (Malik Burger, Wraps & Shakes) að Faxafeni 9, F2303576, rými 01 0104. Eigendaskipti.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
- Lögð fram umsókn V.I.P dekk og viðhald ehf., kt. 530612-3170, dags. 20. júní 2025, um skráningu á hjólbarðaverkstæði (V.I.P dekk og viðhald) að Funahöfða 13, F2350661, rými 01 0103. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði*.

6. Lögð fram umsókn HH húsa ehf., kt. 601003-2360, dags. 25. júní 2025, um skráningu á niðurrifi á sólbekkjum með asbesti í Ölduselsskóla við Öldusel 17, F2054853. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

7. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 11. júní 2025, um skráningu á niðurrifi á leikskólanum Sunnuás við Laugarásveg 77, F2020187, rými 01 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24030239. Ný starfsemi.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.

8. Lögð fram umsókn Sirkus Íslands ehf., kt. 431186-1369, dags. 16. maí 2025, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir útihátíð (Sirkustjaldið Jökla) á bílastæði í Vatnsmýri gegn aðalbyggingu Háskóla Íslands.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 11. júlí til 20. júlí 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Sirkustjaldið Jöklu við Sæmundargötu frá 11. júlí til 20. júlí 2025*.

9. Lögð fram umsókn Trail-Ride ehf., kt. 471119-1480, dags. 9. apríl 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir hjólreiðakeppni (The Hring Gravel Race) í Heiðmörk og Hólmsheiði skv. fylgiskjölum með umsókn.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 4. til 7. júlí 2025 með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir hjólreiðakeppnina The Hring Gravel Race í Heiðmörk og Hólmsheiði 2025*. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.

10. Lögð fram umsókn Skógræktarfélags Reykjavíkur, kt. 600269-4539, dags. 10. júní 2025, um tímabundið starfsleyfi fyrir hreinsun á lóð Elliðavatnsblettis 34 og framkvæmd við að útbúa áningastað og stígagerð að honum skv. fylgiskjölum með umsókn.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 26. júní til 1. október 2025 með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir Skógræktarfélag Reykjavíkur vegna áningastaðar við Elliðavatnsblett 34*. Starfsleyfi gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015*.

Fundi slitið kl. 10:20

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Ástrún Eva Sívertsen